

Ed.

462. Breytingartillögur

[203. mál]

við frv. til laga um áburðarverksmiðju ríkisins.

Frá Páli Þorsteinsyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

Stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins skal skipuð sjö mönnum. Fimm þeirra skulu kosnir hlutfallskosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Landbúnaðarráðherra skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar. Einn skal kosinn af búnaðarþingi og einn er kosinn af aðalfundi Stéttarsambands bænda, báðir til fjögurra ára í senn.

Ráðherra setur stjórninni erindisbréf og ákveður henni laun.

Til að skuldbinda áburðarverksmiðjuna þarf undirskrift fjögurra stjórnarmanna.

2. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Endurskoðendur Áburðarverksmiðju ríkisins eru þrír. Skal einn skipaður af landbúnaðarráðherra og sé hann löggiltur endurskoðandi, annar af fjármálaráðherra, en hinn þriðji af stjórn Búnaðarfélags Íslands, allir til fjögurra ára í senn.